

## Stjórnarfundur Fáks 8. janúar 2018

Mættir eru: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon, Kristrún Ágústsdóttir og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

### 1. Uppgjör við veitingamann

Rætt um uppgjör við fráfarandi veitingamann en verið er að ganga frá þeim málum.

### 2. Þorrablót Fáks

Þorrablót Fáks verður með hefðbundnu sniði en verður að þessu sinni haldið í veislusalnum í TM Reiðhöllinni laugardaginn 13. janúar. Þorrareiðtúrin upp í Almannadal undir styrkri stjórn Þorra og Ómars verður á sínum stað.

### 3. Æskulýðsnefnd

Mannabreytingar hafa orðið í æskulýðsnefndinni og er hún vel mönnuð en ekki hefur verið ákveðið hver tekur að sér formennsku nefndarinnar. Þórunn Eggertsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir sáu um uppskeruhátíð æskulýðsnefndarinnar og stóðu sig með þryði.

### 4. Deiliskipulag í Almannadal

Fyrirliggjandi er fundur með Finni landslagsarkitekt til að ganga endanlega frá tillögum að deiliskipulagsbreytingum í Almannadal. Heiðrún, Hjörtur og Leifur munu funda með honum.

### 5. Heldri Fáksefagar

Heldri Fáksefagar ætla að færa reglulega fundi sína á síðasta föstudag hvers mánuðar í Guðmundarstofu.

### 6. Stjórn LM2018/miðar

Hjörtur leggur til að Fákur tilnefni Guðrúnu Valdimarsdóttur í stjórn LM2018. Tillagan var samþykkt af meirihluta stjórnar.

Miðasalan á landsmótið fer ágætlega af stað. Áskell Heiðar framkvæmdastjóri LM2018 mun mæta á fund stjórnar Fáks á næstunni og upplýsa um stöðu mála.

### 7. Reikningar 2017

Rætt um fjármál félagsins en verið er að loka reikningum fyrir árið 2017.

### 8. Dýraspítali/Brekknaás

Rætt um Brekknaás og hugsanleg kaup Fáks á fasteign og lóð í samstarfi við Reykjavíkurborg. Stjórnin gefur heimild til að færa pening af reikningi Fáks tímabundið inn á vörslureikning Juris sem síðar verður nýttur til að greiða inn á fasteignina ef af kaupum verður. Sá fyrirvari er á heimildinni að samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar og samþykki félagsmanna Fáks af félagsfundi liggja fyrir kaupunum. Reykjavíkurborg mun síðar greiðir peninginn tilbaka á reikning Fáks þegar samþykki allra aðila liggur fyrir og kaup hafa gengið í geng.

### 9. Fáksefagið

Rætt um efnivið Fáksefagsins og stöðu verkefnisins.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Heiðrún*  
*Leifur*